

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



<b>Dags eftirlits</b>	28.11.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpurðun Vesturlands	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Heimili</b>	Bjarnarbraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5306972829	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrefna Jónsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefán Gíslason	<b>Staðsetning</b>	349951,516 469714,37

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi rekstraraðila hefur gengið vel á árinu. Fráveita og hreinsikerfi voru lagfærð og aukið við kerfið. Í næstu mælingum á sigvatni kemur í ljós hver hreinsivirkni þess er. Réttar upplýsingar um úrgangstegundir eru mikilvægur þáttur í góðri meðhöndlun úrgangs og er unnið að því að innleiða viðmið til að tryggja að upplýsingar (skjalfesting með upplýsingum um eiginleika úrgangs) séu réttar, sjónmat o.sfrv. sjá viðauka II í reglugerð nr.738/2003 um urðun úrgangs.

Rekstraraðili hefur ekki uppfyllt kröfur er varða mælingar og söfnun hauggass og eru tvö fyrri frávík vegna þessa staðfest á ný. Gerð er ein athugasemd vegna urðunar lífræns úrgangs, sem leiðir jú til hauggasmyndunar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit í Fíflholtum fór fram eins og hér segir:

Haldinn var fundur í húsi umsjónarmanns og var eftirfarandi rætt

1. Starfsemi í Fíflholtum, lagfæringar og breytingar á fráveitu/hreinsikerfi, lokun hluta staðarins og nýtt starfsleyfi
2. Móttaka, prófun og skráning úrgangs,
3. Virkni hreinsivirkis (vatn)
4. Hauggas, mælingar og söfnun -eða önnur tilhögun?
5. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu

1. Starfið í Fíflholtum hefur gengið vel í ár. Úrgangsmagn jókst nokkuð milli ára. Engin óhöpp eða mengunarslys urðu. Söfnun sigvatns frá eldri og nýrri reinum, og hreinsikerfi var rætt. Óveruleg seinkun er á frágangi á eldri hluta urðunarstaðarins (unnið eftir lokunarfyrirmælum) en stefnt er að því að ljúka frágangi á fyrri hluta þessa árs.

2. Rekstraraðili hefur lagt áherslu á nákvæma skráningu á magni og tegundum úrgangs, en hefur nú fjölgað skráningarþáttum og lagði fram samantekt á úrgangstegundum eftir sveitarfélögum (2014). Góð flokkun og réttar upplýsingar um úrgang er forsenda góðrar meðhöndlunar hans og þar með að draga úr óæskilegum áhrifum hans á umhverfið. Eftirlitsaðili kynnti notkun lýsingarskjals (úrgangshafi eða umsjónaraðili hans fyllir það út), sjá nánar II viðauka reglug. nr. 738/2003.

3. Mælingum á næstunni er m.a. ætlað að sýna virkni hreinsivirkis. Mikilvægt er að gera ítarlega grein fyrir hreinsigetun og hreinsivirkni fráveitumannvirkja á næstu árum og er gert ráð fyrir þessum upplýsingum í árlegri skýrslu rekstraraðila (skil fyrir 1. maí ár hvert).

4. Hauggasmælingar skv. starfsleyfi fara ekki fram og rekstraraðili hefur ekki gert áætlun um framkvæmd hauggassöfnunar. Í umhverfismarkmiðum rekstraraðila kemur þó fram að hauggassöfnun skuli hefjast árið 2017. Hauggasmál voru rædd nokkuð ítarlega. Rekstraraðili vill nota óhefðbundnar aðferðir við eyðingu hauggass, en skv. nýrri reglugerð (reglug. nr. 294/2014) ber honum að safna gasinu. Sjá einnig athugasemd í síðustu eftirlitsskýrslu dags. 2.6.2014.

5. Rekstraraðili hefur sent umhverfismarkmið sín til stofnunarinnar og voru þau og umhverfisstjórnun almennt rædd á fundinum. Lifandi, hnitmiðuð markmiðssetning með góðri eftirfylgni hefur oft skilað fyrirtækjum langt í umhverfisstarfi þeirra. Aðrar upplýsingar (sbr. ákv. 5.1) sem rekstraraðila fékk framlengdenn frest til að svara hafa borist Umhverfisstofnun. Sjá einnig fyrri liði hér að ofan.

Að síðustu var urðunarsvæðið skoðað og eru engar athugasemdir gerðar. Svæði eru snyrtileg og ástand urðunarreina í lagi.

## Frávik frá

Í ákv. 5.2 í starfsleyfi er m.a. kveðið á um mælingar á þrýstingi og samsetningu hauggass. Skv. reglugerð nr. 294/2014 hefðu mælingar á hauggasi átt að hefjast með gildistöku hennar, eða 26.3.sl.

## Lýsing á frávikum

Mælingar á hauggasi skulu fara fram mánaðarlega, þá skal mældur þrýstingur, metan, koldíoxíð og súrefni og fjórum sinnum á ári, vetnissúlfíð og vetni, en þær eru enn ekki hafnar.

Ákv. 3.4 í starfsleyfi og 2. gr. rgl. nr. 294/2014, en þar er tilgreint að rekstraraðila beri að senda framkvæmdaáætlun um hauggassöfnun f. 1.6.sl. og hefja söfnun f. 14.7.sl.

Rekstraraðili skal koma upp söfnunarkerfi og safna hauggasi. Engar áætlanir eða framkvæmdir eru hafnar vegna þessa.

## ATHUGASEMDIR

Margir kostir fylgja því að hætta urðun lífræns úrgangs bæði umhverfislegir (betri nýting náttúruauðlinda og minni mengun) og fjárhagslegir, þó breytingin hafi vissulega kostnað í för með sér í upphafi (fyrir úrgangshafa/sveitarfélög). Ljóst er að urðun lífræns úrgangs verður hætt fyrir eða síðar því urðun lífræns úrgangs getur seint orðið ásættanleg meðhöndlun lífefna.

Á fundi í eftirlitinu kom fram að Sorpurðun Vesturlands íhugar nú stöðuna, jafnvel þann kost að hætta urðun lífræns úrgangs.

## ANNAÐ

Rekstraraðili hefur ekki brugðist við tveimur frávikum í síðustu skýrslu með viðunandi hætti þ.e. hvað snertir mælingar á hauggasi og söfnun þess. Rekstraraðili var áminntur vegna þessa 8.1.sl.

Rekstraraðili tilkynnti seinkun á mælingum á vatni fram yfir áramót vegna erfiðrar tíðar. Heppilegt gæti verið að taka sýnin fyrir seinni hluta ársins. Yfirleitt er miðað við að sýnatöku sé lokið fyrir 1.október.

Reykjavík, 15.01.2015



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.